

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra, svo og III. kafla laga nr. 116/1993 og 9.–17. gr. laga nr. 127/1993, inn í lög nr. 93/1993 og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Bandalag háskólamanna-BHMR, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu þegar eftir gildistöku þessara laga öðlast rétt til að eiga einn fulltrúa, hver aðili fyrir sig, í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem skulu eiga sæti í stjórninni þar til ný stjórn verður skipuð eftir næstu alþingiskosningar.

II.

Á árunum 1995 og 1996 er Atvinnuleysistryggingasjóði heimilt að greiða þeim sem þegið hafa atvinnuleysisbætur í samtals fjóra mánuði eða lengur á tólf mánaða tímabili samþæfilega uppbót og kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins gera ráð fyrir. Í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, skal setja nánari reglur um uppbótina.

Gjört í Reykjavík, 7 mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

LÖG**um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo: Þóstþjónusta sem opinber aðili hefur einkaleyfi á, samkvæmt póstlögum, nr. 33/1986. Undanþágan nær einnig til viðtöku og dreifingar á öðrum árituðum bréfaþóstsendingum, þar með talin póstkort, blöð og tímarit, og til almennra dreifisendinga og opinna bréfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1995.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.